

**Nd.**

**952. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Við 25. gr. laganna bætist nýr töluliður, er verði töluliður 2, og breytist liðatalan samkvæmt því:

2. Er að vísu voru teknir á aðalskrá, en síðan hefur orðið víst um, að framtöl þeirra til skatts voru að verulegu leyti ófullnægjandi eða aðrar upplýsingar um hagi þeirra.

## 2. gr.

Á eftir 27. gr. laganna komi 3 nýjar greinar, svo hljóðandi, er verði 28., 29. og 30. gr., og breytist greinatalan samkvæmt því:

### 28. gr.

Hreppsnefndum og bæjarstjórnnum er heimilt að ákveða aðra gjalddaga á útsvörum en í 27. gr. segir, eftir þessum reglum:

- a. Með fjórum jöfnum greiðslum, er falla í gjalddaga 1. marz, 1. apríl, 1. maí og 1. júní, má innheimta til greiðslu upp í útsvar yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, jafnháa allt að helmingi þess útsvars, sem honum bar að greiða næstliðið ár. Hreppsnefndir og bæjarstjórnir setja nánari reglur um þessar greiðslur fyrir 15. febr. ár hvert og auglýsa þær á þann hátt, er venjulegt er um almennar auglýsingar á hverjum stað.

Nú hafa tekjur gjaldanda á útsvarsárinu verið lægri en á næsta ári áður, svo að nemi 30% eða þar yfir, eða ástæður hans versnað með öðrum hætti svo mjög, að vænta megi þess, að mun lægra útsvar verði lagt á hann en árið áður, og getur hann þá krafizt lækkunar á útsvarsgreiðslum samkv. þessum staflíð. Hreppsnefnd eða niðurjöfnunarnefnd ákveður lækkunina.

Nú verður ljóst, þegar niðurjöfnun útsvara lýkur, að gjaldandi hefur þegar greitt meira en álagt útsvar, og skal þá endurgreiða það, sem ofgreitt var, ásamt ½% vöxtum fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem féð var í vörzslum sveitarsjóðs.

- b. Álagt útsvar við aðalniðurjöfnun að frádregnu því, sem greiða ber samkv. a-lið, ber gjaldanda að greiða með þremur eða fjórum jöfnum greiðslum á tímabilinu frá 1. ágúst til 1. nóvember, eftir ákvörðun sveitarstjórnar, 1. ágúst, 1. sept., 1. október og 1. nóvember. Heimilt er sveitarstjórn þó að leyfa kaupgreiðendum að greiða þennan hluta útsvars fastra starfsmanna sinna með sex jöfnum greiðslum, þannig að gjalddagar verði einnig 2. janúar og 1. febrúar næsta ár eftir gjaldárið.
- c. Allar greiðslur samkv. þessari grein skulu inntar af höndum í heilum krónum eða heilum eða hálfum tug króna, eftir ákvörðun sveitarstjórnar.
- d. Vangreiðsla á útsvarshluta samkv. þessari grein veldur því, að allt útsvar gjaldandans á gjaldárinu fellur í eindaga 15 dögum eftir gjalddagann, þó ekki fyrir en 15. næsta mánaðar, eftir að niðurjöfnun er lokið.

### 29. gr.

- a. Kaupgreiðendur ábyrgjast, að útsvarsgjaldendur, sem þeir greiða kaup, standi skil á útsvari sínu, álögðu á gjaldárinu, á gjalddögum, sem ákveðnir verða samkv. 27. eða 28. gr., eða þegar kaup fellur til útborgunar eftir gjalddaga, og er kaupgreiðanda rétt og skylt að halda eftir af kaupinu til útsvarsgreiðslunnar, enda hafi áður komið fram krafa frá sveitarstjórn til kaupgreiðanda um, að hann haldi eftir af kaupinu fyrir útsvarsgreiðslunni.
- b. Vilji sveitarstjórn haga innheimtunni á þann veg, sem segir í a-lið, skal hún senda hverjum kaupgreiðanda í tæka tíð tilkynningu um útsvör þeirra gjaldenda, sem kaupgreiðandi hefur í þjónustu sinni og ætlazt er til, að kaupgreiðandi greiði, og senda jafnframt tvíritaða kvittanaeyðublaðabók, er sýni glögg, að um útsvarsgreiðslur sé að ræða. Skal kaupgreiðandi láta útsvarsgreiðanda í té slíka kvittun í hvert sinn, er hann greiðir upp í útsvar sitt. Samriti af kvittuninni ber kaupgreiðanda að skila, um leið og hann afhendir útsvarsgreiðsluna til bæjar- eða hreppssjóðs.
- c. Orðið kaup tekur til hvers konar kaups, launa, aflahlutar eða annarrar þóknunar, þ. á m. eftirlauna, hvort sem greitt er samkvæmt vinnusamningi, ákvæðisvinnusamningi eða öðrum samningum eða ákvörðunum.
- d. Kaupgreiðandi telst sérhver sá, sem innir framangreindar greiðslur af hendi,

- hvort heldur fyrir sjálfan sig eða aðra, þ. á m. kaupgreiðslustöðvar. Taki hlutarmaður aflahlut sinn og selji öðrum, telst kaupandinn kaupgreiðandi.
- e. Sveitarstjórn getur og gert kröfu um, að kaupgreiðendur haldi eftir af kaupum kaupþega til greiðslu á eldri útsvarsskuldum ásamt dráttarvöxtum og kostnaði.
  - f. Til lúkningar greiðslum samkv. e-lið skal þó ekki haldið eftir meira en  $\frac{1}{5}$  af því kaupum, sem til útborgunar á að koma hverju sinni, hjá útsvarsgjaldanda, sem á fyrir heimili að sjá, en ella  $\frac{1}{2}$ .
  - g. Allir kaupgreiðendur skulu, þegar sveitarstjórn krefst þess, skyldir til að láta henni í té skýrslu, munnlega eða skriflega, eftir því sem sveitarstjórn óskar, um nöfn starfsmanna, sem taka kaup hjá þeim, stöðu þeirra, fæðingardag og ár, heimilisfang, launakjör, upphæð kaups, hvernig kaup er greitt, gjalddaga og önnur atriði, sem sveitarstjórn óskar að fá vitneskju um vegna innheimtu útsvara af kaupum.  
Sveitarstjórn getur krafist um framangreindar skýrslur með munnlegri kröfu eða skriflegri svo og með almennri auglýsingu, og setur sveitarstjórn kaupgreiðendum frest til að skila skýrslum.
  - h. Allir, sem hafa með höndum atvinnurekstur með aðkeyptu vinnuafli verkafólks, skulu að kröfu sveitarstjórnar skyldir til að senda henni kaupskrár sínar eða afrit af þeim það snemma, að unnt sé að gera kröfu um útsvarsgreiðslur þeirra, er við kaupum eiga að taka, áður en til útborgunar kemur.
  - i. Kaupgreiðandi, sem skyldur er að halda eftir af kaupum samkvæmt því, er í grein þessari segir, skal við hverja útborgun, þar með taldar hvers konar greiðslur upp í kaup, draga af kaupum útsvarsgjaldanda fjárhæð, er nægir til greiðslu samkvæmt a-lið og heimilt er að draga af kaupum samkvæmt e- og f-liðum, svo og 10% af kaupum daglaunafólks, þó ekki af lægri kaupupphæð en 100 krónum, og skila sveitarstjórn því, sem þannig er haldið eftir, innan sex virkra daga frá útborgunardegi, og er sú greiðsla bindandi fyrir útsvarsgjaldandann. Nú er kaup greitt að einhverju leyti í öðru en peningum, svo sem með fæði, húsnæði eða öðrum hlunnindum, og skulu þá þessi hlunnindi talin með kaupgreiðslu á því verði, sem þau eru almennt metin til skatts á hverjum stað.
  - j. Nú hættir útsvarsgjaldandi að taka kaup hjá kaupgreiðanda, er krafinn hefur verið um greiðslu upp í útsvar hans, áður en umkrafin útsvarsskuld er að fullu greidd, og skal kaupgreiðandi þá tafarlaust tilkynna sveitarstjórn brottför útsvarsgreiðanda.
  - k. Útsvarsgjaldandi og kaupgreiðandi mega ekki slíta vinnusamningi fyrir það eitt, að krafist hefur verið útsvarsgreiðslu af kaupum gjaldanda.
  - l. Ef kaupgreiðandi
    1. vanrækir að láta sveitarstjórn í té umkrafaðar skýrslur og upplýsingar um útsvarsgjaldendur innan tiltekins frests,
    2. greiðir útsvarsgjaldanda kaup án þess að halda eftir þeirri fjárhæð, sem skylt var samkv. þessari grein,
    3. skilar eigi til sveitarstjórnar eða umboðsmanna hennar, svo sem hér segir í i- og j-liðum,
    4. tilkynnir ekki brottför útsvarsgreiðanda, svo sem segir í j-lið, þá ábyrgist hann sem geymslufé þá fjárhæð, sem var haldið eftir hjá útsvarsgjaldanda upp í skuld hans, en sem eigin útsvarsskuld það, sem halda hefði mátt eftir, ef kaupgreiðandi hefði ekki vanrækt skyldur þær, sem honum bar að rækja samkvæmt þessari grein.Má gera lögtak hjá kaupgreiðanda til tryggingar þessum skuldum eftir sömu reglum og gera hefði mátt lögtak hjá útsvarsgjaldanda sjálfum.
  - m. Útsvarsgjaldandi, sem ofgreitt hefur útsvar til kaupgreiðanda samkv. þessari

grein, á rétt til endurgreiðslu beint úr sveitarsjóði, hvort sem kaupgreiðandi hefur greitt sveitarsjóðnum útsvarið eða ekki.  
n. Sveitarstjórn setur nánari reglur um innheimtu útsvara eftir þessari grein.

30. gr.  
Á sama hátt og með sömu viðurlögum og í 29. gr. segir getur sveitarstjórn eða innheimtumaður, er hún setur fyrir sig, krafizt útsvarsgreiðslu af kaupum gjaldþegns hjá kaupgreiðanda í öðru sveitarfélagi svo og skýrslna um starfsmenn, sbr. g- og h-liði, þó ekki með almennri auglýsingu.

3. gr.  
2. mgr. 29. gr. (er verður 32. gr.) orðist svo:  
Kaupgreiðandi þeirra, er í 6. gr. B 1 getur, ábyrgist sem sjálfs sín útsvarsskuld útsvar slíkra manna án tillits til þess, hvernig kaupgjaldi og kaupgreiðslum er varið, og er kaupgreiðanda heimilt að halda eftir af kaupum, er hann geldur, fjárhæð, er nægi til greiðslu útsvarsins, enda sé honum tilkynnt um útsvarsálagninguna svo fljótt sem unnt er.

4. gr.  
Með lögum þessum er úr gildi felld 3. mgr. 27. gr. laganna, lög nr. 23 12. febr. 1940, svo og önnur lagaákvæði, er brjóta í bág við lög þessi.  
Þegar lög þessi hafa öðlast staðfestingu forseta Íslands, skal færa þau inn í meginmál laga um útsvör, nr. 106 23. júní 1936. og gefa þau út svo breytt.

5. gr.  
Lög þessi öðlast þegar gildi.